

Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá, er vanskilum veldur og er gjaldið kr. 3 000.00 fyrir hvert skipti.

14. gr.

Einungis starfsmönnum fjarhitunarinnar er heimilt að breyta innsigliðum tengihlutum veitunnar.

15. gr.

Eftirlitsmaður fjarhitunarinnar skal hvenær sem er hafa frjálsan aðgang að öllum búnaði, sem er í sambandi við hana.

Húseiganda er skylt að hlíta tafarlaust fyrirætlum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

V. KAFLI.

16. gr.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi eldri gjaldskrá nr. 480 frá 29. október 1975.

Iðnaðarráðuneytið, 26. apríl 1979.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Laugaráss nr. 277 1. júlí 1976,
með síðari breytingum.**

5. gr. orðist þannig:

Gjöld fyrir dreifingu heita vatnsins eru sem hér segir:

1. Vatnsgjöld:

Garðyrkjustöðvar kr. 420.00 fyrir hvern mínútulítra á mánuði. Meðan hemlar eru ekki komnir á íbúðarhús garðyrkjubænda, og vatn, sem notað er til upphitunar þeirra, er tekið af því vatni, sem garðyrkjustöðin fær í heild, samkvæmt mælingu, skal þar að auki greiða fastagjald af íbúðarhúsum, kr. 30.00 á mánuði af hverjum rúmmetra.

Íbúðarhús, samkvæmt mælingu um hemil, kr. 2 100.00 fyrir hvern mínútulítra á mánuði.

Iðnaðarhús, samkvæmt mælingu um hemil, kr. 1 050.00 fyrir hvern mínútulítra á mánuði.

2. Meðan hemlar eru ekki komnir á, áætla hitaveitan vatnsnotkunina og skal vatnsgjaldið vera kr. 420.00 á mánuði af hverjum mínútulítra. Þar að auki skal greiða fastagjald, kr. 30.00 á mánuði af hverjum rúmm. íbúðarhúss og kr. 20.00 á mánuði af hverjum rúmm. iðnaðarhúss. Gjöldin miðast við utannál húsa.
3. Hemlagjöld kr. 1 500.00 á mánuði fyrir hvern hemil.
4. Gjöld fyrir heitt vatn til annarra nota, en að framan greinir ákveður hitaveitunefnd hverju sinni með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

5. Gefa má hlutfallslegan afslátt af hitaveitugjöldum, ef notandi vill láta loka fyrir vatnið að vetri til, þó ekki fyrir skemmri tíma en 3 mánuði samfellt.

7. gr. orðist þannig:

Heimæðagjöld skulu vera sem hér greinir fyrir eina heimæð:

Hús allt að 400 rúmm. að utanmáli kr. 300 000.00 og kr. 225.00 af hverjum rúmm. þar fram yfir.

Heimæðagjöld gróðurhúsa skulu vera kr. 414 000.00 af sekl.

Heimæðagjald skal greiða, þegar heimæð hefur verið lögð og áður en hún tengist hitakerfi hússins.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af fulltrúum stjórnarnefndar Laugaráshéraðs og notenda í Laugarási er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. maí 1979 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 26. apríl 1979.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á gjaldskrá fyrir Sundlaug Akureyrar.

Ráðuneytið hefur staðfest nýja gjaldskrá fyrir Sundlaug Akureyrar:

Einstakir miðar fyrir fullorðna	kr. 300.00
Einstakir miðar fyrir börn	— 130.00
Gufubað	— 500.00
Handklæði og sundfatnaður	— 250.00

Auglýsing þessi birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 27. mars 1979.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.